

Þriðjudaginn 26.mars 1985.

Nr. 38/1985. **Ákærvaldið**

gegn

**Hreiðari Björnssyni**

Kærumál. Héraðsdómur um frávísun ákæru úr gildi felldur. Heimvísun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur hinn 6. mars 1985 kært til Hæstaréttar með heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 frávísunardóm sakadóms Reykjavíkur, uppkveðinn 5. mars. Hann krefst þess, að dómnum verði hrundið og sakadómi Reykjavíkur dæmt skylt að taka málið til meðferðar, þar sem frá var horfið og kveða upp í því efnisdóm, ef skilyrði skapast til þess að ná ákærða fyrir dóm.

Málgögn bárust Hæstarétti 8. þ.m.

Samkvæmt 29. gr. laga nr. 74/1974 ákveður ríkissaksóknari varnarþing í opinberum málum, og í ákæru skal greina dómstól þann, sem mál er höfðað fyrir, sbr. 1. tl. 2. mgr. 115. gr. nefndra laga. Í ákæru á hendur varnaraðilja segir, að málið beri að höfða fyrir sakadómi Reykjavíkur, og málið hefur verið sent sakadóminum til meðferðar. Samkvæmt 4. mgr. nefndrar greinar skal dómari ákveða stað og stund til þingfestingar máls og láta birta ákæruskjal fyrir sökunaut. Það er hlutverk héraðsdómara að gera ráðstafanir til að fá sökunaut fyrir dóm, eftir því sem þörf er á, eftir útgáfu ákæru, sbr. m.a. 134. gr. laga nr. 74/1974, og ekki er í lögunum að finna heimild til að vísa ákæru frá dómi, þótt torvelt sé eða ómögulegt að ná til hans. Ber af þessum sökum að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu efnisdóms, ef skilyrði skapast til þess.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. mars 1985.

Ár 1985, þriðjudaginn 5. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 117/1985: Ákærvaldið gegn Hreiðari Björnssyni, sem tekið er til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. mars 1984, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Hreiðari Björnssyni, verkamanni, Þórufelli 10, Reykjavík, fæddum 1. ágúst 1958 á Raufarhöfn, fyrir tékkasvik, með því að gefa út í eftirgreindum tilvikum tékka á ávísanareikning sinn nr. 6996 við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis og nota í viðskiptum án þess að nægileg innistæða væri fyrir hendi á reikningnum þegar tékkarnir voru sýndir þar:

1. Tékki nr. 2486960, að fjárhæð kr. 76.600,-, útgefinn til Einars G. Árnasonar Viðjugerði 4, Reykjavík, þann 16. apríl 1983, þar sem hann var notaður til greiðslu á hluta af kaupverði bifreiðar.
2. Tékki nr. 2486962, að fjárhæð kr. 10.000,-, útgefinn 25. júní 1983, notaður til greiðslu skuldar við Sigurð Bjarna Jónsson, Brekkubýggð 33, Garðabæ.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 að því er ákærulið 1 varðar, en ákæruliður 2 telst varða við 73. gr. laga nr. 94, 1933 um tékka, sbr. lög nr. 35, 1977.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

#### *Málavextir eru þessir:*

Dómari þessa máls fékk það í hendur 21. mars 1984. Strax var reynt með aðstoð boðunardeildar dómsins að ná ákærða fyrir dóm. Lengi vel virtist ákærði bókstaflega gufaður upp, og það var ekki fyrr en langt var liðið á síðasta ár, að boðunardeildin fékk um það upplýsingar hjá móður ákærða, að hann væri búsettur í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Kvaðst hún ekki hafa á reiðum höndum heimilisfang sonar síns. Ekki gat hún heldur sagt um það, hvort hann væri væntanlegur til landsins á ný.

Ríkissaksóknara voru endursend gögn málsins með bréfi dómsins, dagsettu 19. nóvember sl. Komu þau aftur með bréfi hans, dagsettu 22. s.m., þar sem segir: „Rétt þykir, að þér hafið um sinn málið í yðar höndum og freistið þess jafnframt að fylgjast með hugsanlegri komu ákærða til landsins á ný.“

Í XV. kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974 eru ákvæði um meðferð mála fyrir héraðsdómi.

Í 117. gr. í næsta kafla á undan er ákvæði um birtingu ákæru á hendur þeim, sem ekki nást fyrir dóm og óvíst er um dvalarstað. Með stoð í þessari lagagrein var ákæran birt í Lögbirtingablaði nr. 9, 16. janúar 1985 með áritun um þingfestingu í dag, þriðjudaginn 5. mars 1985, klukkan 9:30. Ákærði hefur ekki mætt og ekki boðað forföll.

Enda þótt ákæran hafi verið birt, hefur ekki verið uppfyllt skilyrði laganna um það, að ákærði komi fyrir dóm. Ákvæðum 129. gr. laganna verður ekki beitt í þessu máli.

Enginn samningur er til milli Íslands og Bandaríkjanna um gagnkvæma aðstoð í sakamálum svo sem er milli Norðurlandanna, samningur frá árinu 1975 (nr. 11 í C-deild stjórnartíðinda frá því ári) og nýlegur Evrópusamningur (nr. 9 í C-deild 1984).

Ekki sýnist það þjóna neinum tilgangi, að skjöl málsins séu í vörslu dómsins, meðan ákærði næst ekki fyrir dóm.

Að mati dómsins liggur beinast við, að ríkissaksóknari varðveiti þau, enda hefur hann tök á því að láta rannsóknarlögreglu ríkisins fylgjast með ferðum ákærða til landsins. Eins er það á færi ríkissaksóknara að hlutast til um að fá manninn framseldan.

Dómara þessa máls eru því allar þjargir bannaðar með að halda áfram rekstri málsins og kveða upp efnisdóm í því.

Með vísan til þessa þykir rétt að vísa ákæru í máli þessu frá dómi að svo stöddu ex officio. Engan kostnað hefur leitt af rekstri málsins.

#### D ó m s o r ð:

Ákæru á hendur Hreiðari Björnssyni er vísað frá dómi að svo stöddu ex officio.

Þriðjudaginn 26. mars 1985.

Nr. 71/1985. **Ákærvaldið**

gegn

**Viðari Björnssyni**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.